

Úrskurður

Agamál nr. 57/2017-2018

Viðburður:	Leikur ÍR gegn Stjórnunni í úrslitakeppni Dominos deildar mfl. kk. sem leikinn var þann 22. mars 2018.
Kærði:	Ryan Taylor
Kærandi/ur:	Dómaranefnd KKÍ

Málavextir

Með kæru dómaranefndar KKÍ, dags. 23. mars 2018, fylgdi myndband af hinu kærða atviki. Kom fram af hálfu dómaranefndar að í myndbrotinu sæist hvar hinn kærði veitti leikmanni nr. 8 hjá Stjórnunni þungt höfuðhögg, svo að hann lá í gólfinu. Dómarar leiksins dæmdu óíþróttamannslega villu á brotið. Að leik loknum barst dómaranefnd póstur frá aðaldómara leiksins, þar sem greint var frá því að ef dómararnir hefðu haft betra sjónarhorn á atvikið, þá hefði hinum kærða umsvifalaust verið veitt brottvísunarvilla.

Með vísan í 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd lagði dómaranefndin fram kæru, vegna sérlega grófs leiks, og vísaði jafnframt í grein 38.1.1. í leikreglum FIBA þar sem stendur „Öll gróf óíþróttamannsleg hegðun leikmanns eða liðsmanna á varamannabekk er brottrekstarvilla.“

Athugasemdir ÍR og hins kærða

Athugasemdir bárust frá ÍR og hinum kærða þann 23. mars 2018. Þar er þess aðallega krafist að kærinni verði vísað frá nefndinni. Til vara er þess krafist að dómur sem kveðinn var upp í leiknum vegna atviksins standi og ekki verði frekari viðurlög vegna brotsins. Til þrautavara er krafist vægustu viðurlaga sem nefndin getur ákveðið og ef leikbanni verði beitt þá verði það takmarkað við einn leik.

Málsatvikalýsing í athugasemdunum er eftirfarandi: „Í aðdraganda atviksins sést þar sem leikstjórnandi ÍR er að reyna að senda boltann inn á kærða sem er miðherji liðsins. Varnarmaður Stjórnunnar Hlynur Bæringsson (HB) heldur kærða fyrir aftan sig. Upphefst þá stöðubarátta á milli miðherjanna þar sem kærði reynir að komast fram fyrir HB og hann reynir að halda kærða áfram fyrir aftan sig. Það sést glögglega á myndbandinu að vörn HB er ólögleg með því að hann notar vinstri hönd sína til að halda niðri hægri hönd kærða. Ekki var dæmt á það brot og reynir kærði þá að losa sig. Tekur kærði svokallað „sundtak“ til að reyna komast fram fyrir HB. Slíkt sundtak er alþekkt tækni í körfuknattleik og er því til staðfestingar vísað til myndskreiðs sem er sent með greinargerð þessari sem krækja sem sýnir nokkrar útgáfur af þessu „sundtaki“. Nánar tiltekið felst þetta í því að setja handlegg yfir öxl andstæðings og ýta sér fram fyrir hann um leið og honum er ýtt aftur. Því miður fer handleggur RT of nálægt höfði HB með þeim afleiðingum að snerting verður með útréttum handlegg en erfitt er sjá nákvæmlega hvers eðlis hún var.“ Þá voru einnig gerðar athugasemdir við atvikalýsingu frá dómaranefnd af hálfu ÍR.

Frávísunarkrafa kærða byggir á því að aga- og úrskurðarnefnd geti ekki tekið málið til umfjöllunar á grundvelli 7. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd þar sem nefndin sé bundin af ákvörðun dómara leiksins, sbr. 4. mgr. 6. gr. sömu reglugerðar. Krafa hins kærða um að viðurlög vegna brotsins standi eru byggð á sömu sjónarmiðum. Telur hinn kærði að dómarar hafa ákveðið viðurlög og sú niðurstaða eigi að standa. Að auki er talið að ekki hafi verið sýnt fram á með myndbrotinu að ástæða hafi verið til að beita harðari viðurlögum. Með vísan til málavaxtalýsingar kærða þá var hann einungis að reyna að losa sig og komast fram fyrir HB í stöðubaráttu þeirra. Enginn ásetningur var af hálfu kærða til að slá til eða meiða varnarmanninn. Þó talið verði að kærði hafi gengið of fast fram og ekki gætt nægjanlega að sér felur það ekki í sér grófan leik í skilningi reglugerðarinnar. Að lokum er tekið fram af hálfu hins kærða að krafa um vægustu viðurlög sé byggð á sömu sjónarmiðum sem fram koma að ofan. Að auki mótmælir hinn kærði að brotið hafi falið í sér ofbeldi eða tilraun til líkamsmeiðinga. Að mati hins kærða sé ljóst að að ákvæði 13. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd verða alltaf í eðli sínu matskennd en ef nefndin telur að beita eigi brottrekstri er byggt á því af hálfu kærða að það verði aðeins gert á grundvelli c) liðar 13. reglugerðarinnar. Refsirammi þess ákvæðis sé einn til tveggja leikja bann. Að mati hins kærða sé ljóst að ásetningur var ekki fyrir hendi og að önnur atvik mæla ekki með þyngri viðurlögum. Þá telur hinn kærði að augljóst sé miðað við aðstæður í miðri úrslitakeppni að leikbann fæli í sér þyngri refsingu en endranær. Telur hinn kærði að byggjað verði einnig á því að allur vafi í þessum efni skuli túlkaður þeim í hag sem kærður er. Byggir kærði því á því hvað varðar þessa kröfu hans að ef beita eigi leikbanni eigi að takmarka það við eins leiks bann.

Niðurstaða aga- og úrskurðarnefndar

Skv. 2. mgr. 6. gr. reglugerðar um aga- og úrskurðarnefnd (hér eftir „reglugerðin“) hefur dómaranefnd KKÍ sérstakan kæru- og ábendingarrétt til aga- og úrskurðarnefndar. Jafnframt hefur aga- og úrskurðarnefnd heimild til að úrskurða um öll önnur mál sem nefndin telur ástæðu til að hafa afskipti af vegna körfuknattleiksleikja sem fram fara á Íslandi enda fjalli ekki aðrir um þau. Í 7. mgr. 6. gr. reglugerðarinnar segir að aga- og úrskurðarnefnd sé heimilt að taka til meðferðar kæru eða ábendingu á agabroti sem framið var án vitundar dómara leiksins eða dómari ekki vísað viðkomandi af leikvelli eða keppnisstað, ef gögn sýna á óyggjandi hátt að brot hafi verið framið. Er nefndinni þar meðal annars heimilt að byggja á myndbandsupptöku af leiknum. Með vísan til framangreinds tekur nefndin málið fyrir.

Af myndbandsupptökunni sem fylgdi kæru má sjá að hinn kærði og leikmaður nr. 8 hjá Stjórnunni eru í stöðubaráttu þegar hið kærða atvik á sér stað. Leikmaður Stjórnunnar snýr baki í hinn kærða á meðan hinn kærði leitast eftir að komast fram fyrir hann. Leikmaður Stjórnunnar viðheldur sinni stöðu með löglegum hætti. Þegar liðsmaður hins kærða gerir tilraun til að komast framhjá sínum varnarmanni með knattraki, slær hinn kærði leikmann Stjórnunnar í hnakkann sem dettur við það í gólfið. Var höggið þungt og lá leikmaður Stjórnunnar í dágóðan tíma óvígur eftir í gólfinu. Nefndin er sammála því mati aðaldómara leiksins að þessi háttsemi hins kærða hefði átt að verðskulda brottrekstrarvillu, ef dómarar hefðu séð atvikið frá betra sjónarhorni.

Nefndin telur að háttsemi hins kærða falli undir verknaðarlýsingu d) liðar 13. gr. reglugerðarinnar en þar segir m.a. að hafi einstaklingi verið vísað af leikvelli eða

keppnisstað vegna viljandi líkamsmeiðingar eða tilraunar til slíks þá skuli aga- og úrskurðarnefnd úrskurða viðkomandi í þriggja leikja bann. Af því leiðir að ef háttsemi leikmanns fellur undir d) lið 13. gr. reglugerðarinnar ber nefndinni að úrskurða viðkomandi í þriggja leikja bann. En þar sem hinum kærða var ekki veitt brottrekstrarvilla í leiknum, sem er skilyrði fyrir því að beita ákvæði d) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, er ekki hægt að byggja viðurlög alfarið á þeim grundvelli. Nefndin telur þó að framangreint sé til leiðbeiningar um viðurlög. Aftur á móti segir í ákvæði j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar að sé aðili kærður til aga- og úrskurðarnefndar sem hafi ekki verið vísað af leikvelli eða leikstað sé aga- og úrskurðarnefnd heimilt að dæma viðkomandi í tímabundið leikbann.

Með vísan til ákvæðis j) liðar 13. gr. reglugerðarinnar, sbr. til hliðsjónar d) lið 13. gr. reglugerðarinnar, skal hinn kærði sæta þriggja leikja banni vegna hins kærða atviks.

Hinum kærða var veitt áminning af hálfu nefndarinnar þann 1. nóvember 2017 á grundvelli a) liðar 13. gr. reglugerðarinnar vegna háttsemi sinnar í leik ÍR gegn Njarðvík sem leikinn var þann 26. október 2017. Ljóst er samkvæmt 13. gr. reglugerðarinnar að ítrekun agabrota geta haft áhrif til hækkunar á viðurlögum og einnig á milli mismunandi tegundar þeirra. Hins vegar mat nefndin það svo að eldra agabrot kærða þann 26. október 2017 hefði ekki ítrekunaráhrif á viðurlög kærða í þessu máli.

Úrskurðarorð

Hinn kærði, Ryan Talyor, skal sæta þriggja leikja banni vegna háttsemi sinnar í leik ÍR gegn Stjörnunni í úrslitakeppni Dominos deildar mfl. kk. sem leikinn var þann 22. mars 2018.

Reykjavík 24. mars 2018

Þórólfur Heiðar Þorsteinsson, formaður

Björgvin Halldór Björnsson, varaformaður

Hrefna Dögg Gunnarsdóttir, varaformaður

Kristinn G. Kristinsson

María Káradóttir

Birkir Guðmundarson